



# LAUGARÁSINN

MEDFERÐARGEÐDEILD



Fyrir ungt fólk með geðrofssjúkdóm á byrjunarstigi





## LAUGARÁSINN

Laugarásinn er sérhæfð deild á geðsviði Landspítala. Starfsemin er fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára með geðrofssjúkdóm á byrjunarstigi. Rannsóknir sýna að því fyrr sem gripið er inn í geðrofssjúkdóm með öflugri og sérhæfðri meðferð – snemmíhlutun – þeim mun betri eru horfur til lengri og skemmri tíma. Starfsemi Laugarássins byggir á þeim grunni.

Laugarásinn meðferðargeðdeild er staðsett á tveimur stöðum. Annars vegar í stóru og fallegu húsi við Laugarásveg í Reykjavík og hins vegar í húsinu Víðihlíð við Holtagarða þar sem er fjölbreytt starfsemi.

Pungamiðja Laugarássins er dagdeild en í húsinu að Laugarásvegi er einnig sólarhringsþjónusta fyrir 7 einstaklinga. Starfsemin tekur mið af þörfum, væntingum og menningu ungs fólks. Í þjónustunni eru tvö öflug þverfagleg teymi mismunandi fagstétta.



“*Snemmíhlutun er forvörn og lykillinn að bata*”





*Hægt er að meðhöndla geðrof með **góðum árangri**. “  
Mikilvægt er að greina og hefja meðferð snemma til að draga  
”úr neikvæðum áhrifum sjúkdómsins*

Hver þjónustuþegi starfar með tveimur meðferðaraðilum, málastjóra og umsjónaraðila.

### **Málastjóri**

Málastjóri sér um og er ábyrgur fyrir því að þjónustuþegi fái viðeigandi meðferð og endurhæfingu í samráði við geðlækna deildarinnar.

### **Umsjónaraðili**

Umsjónaraðili sér um daglegan stuðning. Meðferðin er skipulögð í samvinnu þriggja aðila - þjónustuþega, málastjóra og umsjónaraðila.

Starfsemi Laugarássins er einstaklingsmiðuð, sveigjanleg og allt gert til að mæta þörfum hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á fjölbreytt og gagnreynd meðferðarúrræði sem miða að því að draga úr einkennum, koma í veg fyrir bakslagi og styðja við þjónustuþega til þátttöku í samfélaginu.

## FJÖLBREYTT MEÐFERÐARÚRRÆÐI ERU Í BODI:

- » Fjölbreytt hreyfing og heilsuefning
- » Fræðsla um geðrof og geðrofssjúkdóma
- » Vitræn endurhæfing með félagsþjálfun
- » Myndlistarverkefnið LISTAFL
- » Tónlistarsmiðjan HLJÓMAFL
- » Fræðsla fyrir aðstandendur um geðrofssjúkdóma
- » Streitustjórnun
- » Hugræn atferlismeðferð við geðrofi, kvíða og þunglyndi
- » Fjölbreytt hópstarf með ólíkum áherslum
- » Stuðningur við nám
- » Öflug starfsendurhæfing







” *Um 3% einstaklinga munu fara í geðrof einhvern tíma á lífsleiðinni. Fyrsta geðrofið kemur í flestum tilfellum fram á aldrinum 16 – 30 ára* “

## HELSTU ÁHERSLUÞÆTTIR Í MEÐFERÐINI Á LAUGARÁSNUM

- » Nákvæm og ítarleg uppvinnsla og greining
- » Styrkja og kenna leiðir til að ná tökum á sjúkdómnum og daglegu lífi
- » Efla sjálfstraust og sjálfsmynd
- » Heilbrigður lífsstíll
- » Samstarf við aðstandendur

## FYRIR HVERJA ER LAUGARÁSINN?

Einstaklinga á aldrinum 18-30 ára sem eru með geðrofs-einkenni og geðrofssjúkdóm á byrjunarstigi.

Fíkniefnaneysla útilokar ekki einstaklinga úr þjónustu. Unnið er samkvæmt aðferðum skaðaminnkunar.




## MARKMIÐ STARFSEMINNAR

- » að bæta líðan og efla færni einstaklinga til að lifa sjálfstæðu og gefandi lífi með lífsgæðum

*Geðrof er ástand þar sem tengsl við raunveruleikann rofna. Í geðrofi koma fram ranghugmyndir, ofskynjanir og hugsunin getur orðið ruglingsleg*

*Oft fylgir geðrofi kvíði og depurð og margir einangrast félagslega*





Geðrof hefur áhrif á hugsun,  
tilfinningar og hvernig við  
upplifum umheiminn



## HVERNIG KEMSTU Í SAMBAND VIÐ LAUGARÁSINN?

Hvaða meðferðaraðili sem er getur vísað í þjónustu Laugarássins. Til að fá nánari upplýsingar eða leiðbeiningar má hringja í síma **543 4650** og spyrja eftir vaktstjóra



# Laugarásinn

Snemmíhlutun í geðrof

Snemmíhlutun er forvörn og lykillinn að bata  
Öflug og sérhæfð meðferð strax

